



Fræðslubréf um rafræna vöktun öryggismyndavéla á starfsstöðvum SORPU

SORPA bs. notar stafrænar myndavélar til rafrænnar vöktunar í og við mannvirki sín. Hér að neðangreindu er að finna nánari upplýsingar um hina rafrænu vöktun, þ.m.t. tilgang vöktunar, aðgengi að uppteknu efni, varðveislutíma efnisins og réttindi starfsmanna gagnvart vöktuninni.

Rafræn vöktun eftirlitsmyndavéla

1. SORPA heldur úti rafrænni vöktun með öryggismyndavélum á starfsstöðvum sínum í öryggis- og eignarvörsluskyni.
2. Upptökur safnast á aðgangsstýrðan upptökudisk hjá þjónustuaðila sem tengdur er myndavélakerfi. Upptökur eru að hámarki varðveittar í 90 daga en þá taka myndavélarnar nýtt efni yfir það gamla.
3. Aðgangur að uppteknu efni er takmarkaður við þá starfsmenn sem nauðsynlega þurfa slíkan aðgang vegna starfa sinna. Viðkomandi stjórnendur hafa ásamt kerfisstjóra og þjónustuaðila fullan aðgang að uppteknu efni í gegnum hugbúnað myndavélakerfis.
4. Myndavélar varpa einnig myndefni í rauntíma og er það aðgengilegt viðkomandi stjórnendum.
5. Framkvæmdastjóri SORPU tekur afstöðu til þess hvort heimild er veitt til að skoða upptökur. Allir þeir sem óska aðgangs að upptökunum skila inn formlegri beiðni til hans.
6. Persónuupplýsingar sem verða til við notkun myndavélanna má aðeins nota í þágu tilgangs með söfnun þeirra og aðeins að því marki sem þess gerist þörf í þágu tilgangsins. Þær má ekki afrita eða afhenda öðrum nema á grundvelli lagaheimildar, samþykki skráðra aðila eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Persónugreinanlegar upptökur verða því almennt ekki afhentar öðrum en lögreglu vegna lögreglurannsóknar og váttryggingarfélögum vegna tjónamála.
7. Vinnsla persónuupplýsinga verður ávallt að eiga stoð í heimildarákvæðum persónuverndarlaga. Framangreind vinnsla persónuupplýsinga sem felst í rafrænni vöktun öryggismyndavéla í og við mannvirki SORPU styðst við lögmæta hagsmuni, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Réttur starfsmanna gagnvart rafrænni vöktun

1. Sá sem sætt hefur rafrænni vöktun á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum um hann sjálfan og þar með rétt til að skoða upptökur sem til verða og fá af þeim afrit innan mánaðar, óski hann eftir slíku. Þetta á þó ekki við ef réttur þess sem sætt hefur vöktuninni til að fá að skoða gögnin eigi að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra.
2. Starfsmaður á rétt á að andmæla framkvæmd rafrænnar vöktunar telji hann að framkvæmd vöktunarinnar sé ekki í samræmi við yfirlýstan tilgang hennar, að meðalhófs sé ekki gætt eða að sama árangri sé unnt að ná með mildari aðferðum.

Komi fram athugasemdir eða andmæli við framkvæmd rafrænnar vöktunar og/eða ábendingar um að hún uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru í lögum skal hafa samband við persónuverndarfulltrúa SORPU, með því að senda tölvupóst á netfangið personuvernd@sorpa.is.